

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

170

16. okt.

um breyting á bráðabirgðareglugerð 30. sept. 1940, um notkun loftskýtastöðva og talstöðva í íslenskum skipum.

1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Með innsíglun skal fylgja yfirlýsing (á ensku) þess, er innsiglaði, um hvernig innsiglið sé merkt, hvaða dag hafi verið innsiglað og á hvern hátt stöðin hafi verið gerð óstarfhæf undir innsiglinu. Yfirlýsing þessi skal færð inn í dagbók skipsins og undirrituð þar af þeim, er innsiglaði. Sá, sem leysir stöð úr innsíglun, skal undirrita yfirlýsingu (á ensku) í dagbók skipsins, þar sem tekið skal fram, hvaða dag innsiglið hafi verið rofið, hvernig það hafi verið merkt, svo og ástæðuna fyrir því, að senditækin eru leyst úr innsíglun.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 7. gr. bráðabirgðalaga um fjarskipti frá 5. júlí 1940, öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 16. október 1940.

Ólafur Thors.

Guðmundur Hliðdal.

AUGLÝSING

171

21. okt.

um verðlagsákvæði.

Verðlagsnefnd hefir samkvæmt heimild í lögum nr. 118 2. júlí 1940 sett eftirfarandi ákvæði um hámarksálagningu á eftirgreindum reiðhjólahlutum:

Dekk, slöngur, sæti, stýri, pedalar, gjarðir, friðhjól, framná, bjöllur, bretti, luktir, lásar, handföng og keðjur.

Álagningin má ekki vera hærri en hér segir:

- | | |
|---|------|
| 1. Í heildsölu | 20 % |
| 2. Í smásölu: | |
| a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum | 35 % |
| b. Þegar keypt er beint frá útlöndum | 55 % |

Brot gegn þessum verðlagsákvæðum varða allt að 10000 kr. sektum, auk þess sem ólöglegur hagnaður er upptækur.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 21. október 1940.

Eysteinn Jónsson.

Jón Guðmundsson.